

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alcoa Fjarðaál

Dagsetning	26. maí 2011	Starfsleyfi, gildir til	1. júní 2020
Fyrirtæki	Alcoa Fjarðaál	Tegund eftirlits	Reglubundið
Heimilisfang	Hrauni 1, 730 Reyðarfirði	Fulltrúar fyrirtækis	Guðmundur Sveinsson Kröyer, Geir Sigurpáll Hlöðversson og Dagný Björk Reynisdóttir
Kennitala	520303-4210	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	
Isat nr.	24.42.0		
Starfsemi	Framleiðsla á áli		-14°06'06 W, 65°02'02 N
Fulltrúi UST	Ólafur Kristinn Tryggvason		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu í ljós í eftirlitinu og engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Áður en sjálft eftirlitið hófst var haldinn samráðsfundur Alcoa, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Umhverfisstofnunar þar sem vöktunarmál fyrirtækisins eru til umfjöllunar ásamt öðrum málum sem einnig tengjast eftirliti. Vísað er til fundargerðar frá samráðsfundinum um nánari umfjöllun.

Farið var yfir skil á gögnum samkvæmt ákvæðum í starfsleyfi. Öllum gögnum sem fyrirtækinu ber að skila til Umhverfisstofnunar hafði verið skilað inn á réttum tíma.

Að fundi loknum var farið í eftirlitsferð um fyrirtækið. Bygging nýrrar kersmiðju skoðuð. Einnig voru settjarnir sem eiga að taka við öllu yfirborðsvatni á lóð fyrirtækisins kannaðar og farið yfir stöðu úrbótaverkefnis á virkni kerfisins.

FRÁVIK

Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu í ljós í eftirlitinu.

Athugasemd

Engin athugasemd var gerð í eftirlitinu.



Önnur atriði:

Tvö óhöpp hafa orðið við löndun súrals annað 22. ágúst 2009 og það seinna 13. febrúar 2011. Alcoa hefur aukið vöktun með færibandí og öðrum löndunarbúnaði við súralslöndun ásamt því að skipuleggja aukið fyrirbyggjandi viðhald á búnaðinum í framtíðinni með því markmiði að draga úr líkum á slíkum óhöppum.

Þann 18. desember 2010 kviknaði í spennustöð hjá Alcoa og leiddi það af sér rafmagnsflökt í kerskála sem aftur leiddi til aukinnar myndunar PFC í útblæstri upp fyrir ársmeðaltal á síðasta ári.

Reykjavík, 20/09/2011

Ólafur Kristinn Tryggvason